

Kæru nefndarmenn efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Félag okkar McRent Iceland ehf. sérhæfir sig í innflutningi húsbífreiða sem leigðar eru að mestu til erlendra viðskiptavina. Félagið hóf starfsemi sína hér á landi í maí 2013 og hefur fengið til landsins tæplega 30.000 viðskiptavini og selt tæplega 77.000 gistinætur. Viðskiptavinir félagsins eru gjarnan efnameira fólk sem flest fer „hringinn“; verslar og nýtir sér þjónustu fjölmargra aðila vítt og breytt um landið. Félagið McRent Iceland á í viðskiptum við fjölmarga aðila um land allt, bæði með vörur og þjónustu. Afleidd viðskipti vegna starfsemi félagsins eru því all nokkur fyrir önnur fyrirtæki og einstaklinga á Íslandi.

Félagið hefur frá stofnun þess flutt inn 291 húsbíl til útleigu. Bifreiðarnar eru seldar innanlands og nýjar keyptar frá framleiðendum í Þýskalandi. Starfsemin er virðisaukaskattskyld og ber 24% virðisaukaskatt, þá eru einnig greidd há vörugjöld vegna innflutnings bifreiða auk annarra skatta sem leggjast á stafsemi sem okkar.

Beinar skattektur ríkissjóðs af starfsemi félagsins hafa numið rúmum milljarði króna, frá stofnun þess árið 2013.

Vegna nýrra staðla sem teknir hafa verið upp í mælingu á koltvísýringi í útblæstri frá ökutækjum (svokallaðra W.L.T.P. staðla - samræmda prófunaraðferðin), þá lenda húsbílar sjálfkrafa í hámarks vörugjaldaflokki og reiknast gjöldin þá 65%, af tollverði hverrar bifreiðar. Veittar voru tímabundnar undanþágur fyrir árið 2020 með bráðabirgðaákvæði við lög, nr. 29/1993, þar sem kveðið var á um að skráð losun húsbíla á koltvísýringi (CO₂) skyldi lækkuð um 40% en þó að hámarki niður í 150 g/km.

Áður en lög nr. 33/2020 voru samþykkt á Alþingi voru þau til umfjöllunar hjá efnahags- og viðskiptanefnd. Fulltrúar frá Samtökum ferðaþjónustunnar fóru á fund nefndarinnar og komu ábendingum á framfæri við nefndarmenn en undirritaðir tóku þátt í gagnaöflun vegna þeirrar vinnu. Í álit meirihluta nefndarinnar kom m.a. fram að: „ætlun löggjafans hafi ekki verið sú að húsbílar sættu stórauðnum álögum vörugjalds samhliða upptöku nýs alþjóðlegs staðals um mælingu á losun ökutækja“. Þá taldi meirihluti nefndarinnar að vinna þyrfti að varanlegri lausn vegna þessarar stöðu og lagði til að fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði væri bætt við lög. Það ákvæði var svo framlengt út árið 2021 og 2022 en með nokkrum breytingum vegna ársins 2023 þegar auka 5% skattur var lagður á innflutt ökutæki sem ekki voru á undanþágu skv. greinum 4 og 5 í lögum nr. 29/1993.

Á árinu 2020 flutti félag okkar inn 28 húsbíla. Hreint vörugjald sem greitt var vegna þess innflutnings nam 49.244.333 kr. Féllu allir þeir bílar sem gjöld voru greidd af, utan eins, undir áðurnefnda undanþágu laga. nr. 33/2020. Ef undanþágunnar hefði ekki notið við hefðu vörugjöld af umræddum bifreiðum verið 111.346.788 kr. og auknar álögur því numið 62.102.455 kr.

Árið 2021 flutti félag okkar inn 30 húsbíla. Hreint vörugjald með undanþágu vegna þess innflutnings nam 51.952.022 kr. Ef undanþágunnar hefði ekki notið við hefðu vörugjöld af umræddum bifreiðunum numið 114.125.277 kr. og auknar álögur því verið 62.173.255 kr.

Á árinu 2022 flutti félag okkar inn 30 húsbíla. Hreint vörugjald af þeim innflutningi, með undanþágu, nam 50.622.053 kr. en hefði numið 114.378.903 kr. án undanþágunnar.

Miklir erfiðleikar hafa steðjað að bílaframleiðendum undanfarin ár og hefur verið á hráefni, íhlutum og grindum til húsbílaframleiðslu aukist verulega frá því sem áður var. Miklar verðhækkanir hafa því orðið á þessum bifreiðum frá árinu 2021-2024, eða allt að ríflega 25%.

Á árinu 2023 hækkuðu vörugjöld af þessum bifreiðum nokkuð, með aukningu á álögum um 5% á bíla sem ekki voru undanþegnir vörugjaldi skv. 4. og 5. gr. laga nr. 29/1993. Húsbílaframleiðendur stóðu frammi fyrir miklum erfiðleikum við að fá grindur til framleiðslu, auk þess sem verið á hráefni og íhlutum hélt áfram að hækka umtalsvert. Framleiðsla á húsbílum árið 2023 var því í algeru lágmarki. Af þeim sökum var innflutningur okkar fyrirtækis jafnframt í sögulegu lágmarki og flutti

fyrirtækið aðeins inn 11 bifreiðar sem framleiddar voru árið 2023. Hrein vörugjöld af þeim innflutningi námu 24.265.909 kr. en hefðu orðið 50.551.858 kr. ef niðurfellingarinnar hefði ekki notið við – sem hefði verið hækkun um 54% að meðaltali. Engum vafa er undirorpið að rekstrargrundvöllur félagsins hefði algerlega hrundið við slíka hækkun.

Þess ber einnig að geta að upptaka W.L.T.P. staðla hefur haft það í för með sér að bifreiðagjald hækkaði verulega frá því sem var. Miðað við þær bifreiðar sem fluttar hafa verið inn frá því breytingin tók gildi nemur hækkunin að meðaltali um 41% - á ársgrundvelli, m.v. núgildandi lög. Fyrirtæki okkar, McRent Iceland ehf., hefur líkt og flest önnur fyriræki sem starfa við ferðaþjónustu þurft að glíma við mjög erfitt rekstarumhverfi undanfarin ár, eða allt frá árinu 2020. Hrun var í tekjum vegna erlendra ferðamanna árin 2020-2021 eða á milli 60-70% lækkun. Gengi krónu hefur veikt, öll aðföng eru mun dýrari en áður og húsbílar hafa hækkað um í verði um fjórðung.

Nú stöndum við aftur frammi fyrir óvissu við áramót þegar undanþáguákvæði laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, um tímabundna lækkun á skráðri losun húsbíla rennur út, eins og vikið var að í upphafi þessa bréfs.

Fari svo að undanþáguákvæðið renni út um áramótið verður það þess valdandi að ekki verður hægt að endurnýja húsbílaflota félagsins og af þeim sökum verður rekstri þess sjálfhætt. Það væri sorgleg og óþörf niðurstaða sem væri engum til góða. Yrði ríkissjóður þá af skatttekjum félagsins auk þeirrar afleiðu sem hlýst af rekstri þess. Þessi niðurstaða yrði ekki bara óhjákvæmileg fyrir okkar félag, heldur líka öll önnur félög sem eru með húsbíla í rekstri. Mörg þessara félaga reka starfsemi sína að mestu eða öllu leyti á Reykjanesi, svæði sem hefur þurft að takast á við margvísleg og stór áföll undanfarin ár og má vart við meiri áföllum.

Það er von okkar að stjórnvöld færi þessa stöðu til betri vegar, með því annað hvort að framlengja þá undanþágu sem nú er í gildi, eða með því sem betra er, þ.e. að breyta lögunum varanlega með sanngjörnum og fyrirsjáanlegum hætti. Félagið McRent Iceland er vel rekið og hefur staðið af sér erfiðleika undanfarinna ára en það mun ekki ráða við stórauðnar álögur á þau atvinnutæki sem þarf til rekstrar. Það liggur því ljóst fyrir að rekstrarframtíð fyrirtækisins ræðst af ákvörðun löggjafans.

Virðingarfyllt,

F.h. McRent Iceland ehf.

Geir Bachmann, Þrúðmar Karlsson.

McRent Iceland
Smiðjuvellir 5 a